

**Háskólabíó**

MATT DAMON  
BOURNE SUPREMACY

SÝND kl. 5.40, 8 og 10.20 **B.I. 14**

THE VILLAGE kl. 10 **B.I. 14**

GOODBYE LENIN kl. 5.40

**BANDARÍSKIR NDÍ BÍÓDAGAR**

ken parki

SÝND kl. 10

SÝND kl. 8 & 10

SUPER SIZE ME kl. 8 | SAVED! KL. 8 | CAPTURING THE FRIEDMANS KL. 10

COFFEE & CIGARETTES kl. 6 | SPELLBOUND kl. 6 | MY FIRST MISTER kl. 8

**SMÁRA BÍÓ**  
HUGSABÚ STÓRT

Ein besta ástarsaga allra tíma

SÝND kl. 4, 6, 8 og 10  
SÝND Í LÚXUS kl. 4, 6, 8 og 10

Myrkraþjónin eru með okkur!  
Mögnuð ævintýraspennumynd!  
**HELLBOY**

SÝND kl. 8 og 10.40 **B.I. 14**

SÝND kl. 5.20, 8 og 10.40

**BT** **YFIR 25000 GESTIR**

SÝND kl. 4 og 6 **M/ISLENSKU TALI**  
SÝND kl. 4, 6, 8 og 10 **M/ENSKU TALI**

DDJ Dolby | SDDS | THX | Sími 564 0000 - www.smarabio.is

FRÁBÆR SKEMMTUN  
**SAMBIÓIN**

ALFABAKKI

Frá leikstjóra Dude Where Is My Dude kemur steiktasta grínmynd ársins.  
**HAROLD & KUMAR**  
white castle

SÝND kl. 4, 6, 8 og 10.10 **B.I. 12**

Frá leikstjóra Dude Where Is My Dude kemur steiktasta grínmynd ársins.  
**HAROLD & KUMAR**  
white castle

SÝND kl. 5.40, 8 og 10.20 **B.I. 14**  
SÝND Í LÚXUS VIP kl. 3.30, 5.40, 8 og 10.20


THUNDERBIRDS	SÝND kl. 4, 6, 8 og 10.10 <b>B.I. 12</b>
THE VILLAGE	kl. 8 <b>B.I. 14</b>
KING ARTHUR	kl. 10.20 <b>B.I. 14</b>
NEW YORK MINUTE	kl. 4 og 6
CATWOMAN	kl. 8 og 10.20
GAURAGANGUR Í SVEITINI	kl. 3.50 & 6 <b>M/ISL</b>
SHREK 2	kl. 4 <b>M/ISL TALI</b>

ALFABAKKI | 587 8900 | www.sambioin.is

Diskurinn **Out of Season** með Beth Gibbons og Rustin Man er eitthvað sem allir tónlistarfiklar verða að eignast. Diskurinn er afar **rólegur** og ef eitthvað er er hann **betri** en Portishead-diskarnir.



**Jæja** Friendsspillí er tilvalin skemmtun fyrir alla Friends-fíkla. Spilið gengur út á að svara spurningum upp úr þáttunum svo þeir sem hafa horft á alla þættina ættu að geta **rúllað þeim** upp sem ekki hafa setið yfir þáttunum. Auk þess þurfa þátttakendur að **leika eftirminnileg atriði** úr þáttunum sem getur verið mjög myndið.



Brúnkufroðan frá Clinique **virkar ótrúlega vel**. Auk þess að búa til fallegan lit kemur liturinn strax fram svo auðvelt er að sjá hvort maður er að **bera froðuna jafnt** á. Froðan þornar á 10 mínútum svo það borgar sig ekki að klæða sig strax í hvítu **uppáhaldsnærfötin**.



Fyrsta yfirlitssýning **Rögnu Róbertsdóttur** myndlistarmanns var opnuð á Kjarvalsstöðum fyrir helgi. Sýningin ber yfirskriftina **Kynngikraftur** enda sækir Ragna sér hráefni á hraunbreiðuna við Heklu.

# Er alltaf að fást við landið og landslagið

„Hér er brot af þeim verkum sem ég hef verið að vinna síðastiðinn 20 ár,“ segir Ragna Róbertsdóttir myndlistarmaður. „Ég er ekkert að hruga verkum hér inn, valdi heldur vandlega úr hverju tímabili. Af eldri verkunum valdi ég sérstaklega með rýmið á Kjarvalsstöðum í huga og breytti þeim jafnvel, minnkaði eða stækkaði. En nýjustu verkin vann ég inn í rýmið hér. Og þó ég hafi unnið með ólík efni á mismunandi tímum eru jarðefnin mest áberandi og mér finnst vissulega þráður í þessari yfirlitssýningu.“

**Hraun, vikur, kaðlar, gúmmí**  
Ragna viðurkennir að sér hafi þótt einkennilegt að hugsa um yfirlitssýningu í upphafi. „En svo fer maður af stað og áður en hendi er veifað er þráðurinn tekinn að hlykkjast. Svo hér gefur nú að líta brot af því sem ég hef verið að vinna í kaðla, hraun, vikur, torf, gúmmí, akrýl, gler og ýmislegt fleira. Og hvert sem hráefnið er, þá er ég alltaf að fást við landið og landslagið í mínum verkum, áhrif frá þeim stöðum sem ég hef kynnst á landinu,“ segir Ragna.

**Ástarsamband við Heklu**  
Sabine Russ, fræðimaður og sýningarstjóri, skrifar í sýningarskrána og segir Rögnu hafa átt í löngu ástarsambandi við Heklu. Hún fari oft út á hraunbreiðuna við

fjallið og safni sér efni í verk sín. Á sunnudag ætla Sabine og Ragna að spjalla saman frá kl. 15 á Kjarvalsstöðum um Rögnu og verkin. „Við ætlum að ganga saman um sýninguna en mér finnst alltaf ofsalega erfitt að útskýra verkin mín. Þannig að við ætlum að tala saman og gestir mega koma og hlusta á okkur,“ segir Ragna Róbertsdóttir myndlistarmaður.



Ragna Róbertsdóttir myndlistarmaður „Þetta verk er eitt þeirra sem ég vann sérstaklega fyrir rýmið hér á Kjarvalsstöðum.“

## Bjór nefndur eftir lagi Madonnu

Madonna hefur fengið bjór sem framleiddur í Manchester-ernefndan eftir lagi sínu. Ólið sem kallast Material Girl og fæst í flöskum var framleitt til að heiðra komu söngkonunnar til borgarinnar eftir 10 ára fjarveru. Madonna var gefinn kassi af bjórnum eftir tónleikana. „Hún spilaði fyrir okkur 1994 og okkur fannst sniugu að heiðra komu hennar hingað með því að láta bjór heita eftir lagi hennar. Við vitum að hún elskar góðan bjór og þessi er afar bragðgóður.“



## Olsen-systur fluttar til New York

Litlu stórstjórurnar Mary-Kate og Ashley Olsen sem eru nýfluttar til New York skelltu sér í skoðunarferð um borgina. Systurnar buðu vinkonu sinni Mandy Moore með sér í tveggja hæða strætó og nutu útsýnisins ásamt hinum túristunum. „Það var ótrúlega gaman að kynna borginni eins og ferðamaður enda erum við nýfluttar hingað.“ Stelpurnar hafa skráð sig í háskólanám í borginni. Mary-Kate hefur jafnað sig eftir dvöl á meðferðarheimili. Fregnum ber ekki saman um hvort leiknonan hafi verið á sjúkrahúsinu vegna átröskunar eða kókainífnar.



## Varð að henda klámblöðunum

David Arquette neyddist til að henda öllum klámblöðunum sínum eftir að eiginkonan hans Courteney Cox varð ófrísk. Leikarinn segir að Courteney hafi skipað honum að henda kláminu. „Ég átti öll tímarit Playboy sem gefin voru út síðustu 16 árin. Hún sagði að nú væri kominn tími á að proskast og skipaði mér að henda þeim.“ Hjónin eignuðust dótturina Coco í júní eftir að Courteney hafði lengi reynt að verða ófrísk. Hún hafði tvisvar misst fóstur og hafði misst alla trú á að þau gætu eignast barn á eðlilegan máta.



Konur vantar tölvuleiki við sitt hæfi

## Einfalda og án blóðsúthellinga

Konur vilja gjarnan leika sér í tölvuleikjum, en þrátt fyrir alla markaðsfræðingana skortir verulega á nægilegt framboð tölvuleikja sem henta þessum stóra neysluhópi, segir í frétt í Politiken. Í þessari viku hefst í Austin í Texas stór ráðstefna um konur og tölvuleiki. Hefur Aleks Krotosky tekið saman skýrslu um þann skort sem ríki í framleiðslu tölvuleikja fyrir konur. Konur eru stór neytendahópur á



Bandaríkjamarkaði í kaupum á leikjum, 40% kvenna spila og víða í Asíu er hlutfallið enn hærra, þrátt fyrir að framleiðendur hafi ekki

sniðið leiki eftir óskum þeirra. Konur vilja einfalda leiki, ekki of flókna í uppbyggingu þannig að þeir lærist fljótt, segir Krotosky. Þær vilja helst geta bakkað og breytt um leið og eru síður hrifnar að drápum sem föstum lið í uppbyggingu leikja. Samkvæmt skýrslu Krotosky er dæmigerður spilari í Bretlandi kona á aldrinum 30 til 35 ára. Hún spilar 7 klukkustundir í hverri viku og eyðir sem nemur 23.000 krónum í leiki á ári.